



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA 2011

- AKUREYRI -
- 2012 -

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2012
Ritstjórn og umbrot: Aðalbjörg Sigmarsdóttir
Prófaralestur: Lára Ágústa Ólafsdóttir
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/>

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er rekið sem ein af stofnunum Akureyrarkaupstaðar, en með fjárframlagi fjögurra annarra sveitarfélaga í hlutfalli við íbúatölu. Sveitarfélögin eru Eyjafjarðarsveit, Grýtubakka-hreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur og árið 2011 voru íbúar á safnsvæðinu vel yfir 20 þúsund. Stjórn Akureyrarstofu fer með málefni safnsins, en hún annast menningar- og markaðsmál bæjarins, auk þess sem ferðamál og atvinnumál heyra undir hana. Starfsmenn safnsins eru tveir, Aðalbjörg Sigmarsdóttir, héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir, skjalavörður.

Starfsemin

Aðföng til safnsins voru talin í 104 afhendingum en þær voru 89 árið á undan. Skjölín sem afhent voru rúmast í um það bil 56,58 hillumetrum. Unnið var sem fyrr að fullnaðarskráningu innkominna skjala, en ekki hefur tekist að skrá allt sem berst vegna skorts á mannafla. Skráning í aðfangabók verður því að duga í mörgum tilfellum þar til úrbætur fást. Á safnið komu 653 gestir árið 2011 og er það nánast sama tala og árið áður. Hlutfall karla og kvenna breyttist aðeins, þar sem konum fjölgaði úr 134 í 162, en körlum fækkaði úr 524 í 491.

Notkun á safnkosti var á þann veg að gestir fengu afnot af 2.173 skjalanúmerum á lestrarsal, en þar við bætist notkun skjala við svörun fyrirspurna og upplýsingaleit fyrir þá sem ekki komu á staðinn.

Átaksverkefni og fundir

Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða um söfnun skjala sóknarnefnda sem hófst í febrúar 2010 stóð fram á árið 2011. Átakið skilaði góðum árangri hér eins og víða annar staðar, en margar sóknarnefndir á þessu svæði höfðu þó áður skilað sínum gögnum til safnsins.

Næsta verkefni félagsins var að hafa samvinnu um að bæta skjalavörslu og skjalaskil grunnskólanna í landinu. Í því skyni var efnt til tveggja sameiginlegra fræðslufunda en fundirnir voru ætlaðir skólastjórum, skólarituum, skjalastjórum og starfsmönnum á héraðsskjalasöfnunum. Báðir fundirnir voru haldnir í Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi en var það til fundarmanna um land allt um fjarfundabúnað. Á fyrri fundinum voru alls um 60 þátttakendur, af þeim voru 10 þátttakendur á

Akureyri. Annar sams konar fundur var síðan haldinn 12. október fyrir þá sem ekki gátu nýtt sér þann fyrri. Það voru starfsmenn á menntasviði Reykjavíkurborgar og Borgarskjalasafni Reykjavíkur sem fluttu fræðsluerindi, en menntasvið Reykjavíkurborgar hafði í samvinnu við Borgarskjalasafn og grunnskóla í Reykjavík unnið að gerð skjalavistunaráætlunar, leiðbeininga um skjalavörslu og málalykla fyrir grunnskóla borgarinnar.

Dagana 30. ágúst – 2. september var haldin í Færeyjum ráðstefnan „Vestnordisk Arkivkonference 2011“, en slík ráðstefna Íslands, Færeyja og Grænlands er haldin á 3ja ára fresti. Lára Ágústa Ólafsdóttir sótti ráðstefnuna fyrir safnsins hönd.

Félag héraðsskjalavarða hélt tveggja daga ráðstefnu eða fræðslufund í Reykjavík í nóvember og sótti héraðsskjalavörður hann. Þar var m.a. fjallað um skjalavörslu grunnskóla og skjalaverðir fræddir og undirbúnir fyrir það að leiðbeina skólastjórnendum og starfsmönnum skólanna um skjalavörslu, sinna eftirliti og tryggja að eldri skjöl skólanna séu afhent til skjalasafna. Þá var fjallað um fundargerðir ráða og nefnda á vegum sveitarfélaga, fyrirmæli í lögum um aðgang að skjölum, en mikilvægt er að almenn- ingur sé upplýstur um rétt sinn til skjala. Seinni daginn var fjallað um skjalaskráningarkerfi, skönnun og skráningu ljósmynda á héraðsskjalasöfnunum og borin saman aðferðafræði nokkurra safna. Einnig var fjallað um



Þátttakendur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða 2011

notkun staðla við skjalaskráningu, skýrslugerð með skjalasöfnum og aðfangabækur héraðsskjalasafna. Þá var einnig fjallað um ábyrgð skjalavörslu og valdmörk, hirslur og geymslur undir skjól í stofnunum, lögfræðiaðstoð og aðstoð við frágang á eldri skjalasöfnum. Settur Þjóðskjalavörður, Eiríkur G. Guðmundsson, var gestur á ráðstefnunni og fjallaði m.a. um húsnæðismál héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns og möguleika héraðsskjalasafna til að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Mjög vel tókst til með þessa fyrstu ráðstefnu félagsins og ákveðið var að halda hana aftur að ári og þá á Norðurlandi.

Fundur Þjóðskjalavarðar með forstöðumönnum héraðsskjalasafna var haldinn 5. desember í Reykjavík og tók héraðsskjalavörður þátt í honum með fjarfundabúnaði. Á þeim fundi var m.a. fjallað um heimsóknir Þjóðskjalasafns Íslands til héraðsskjalasafna og sveitarfélaga, ljósmyndir, varðveislu þeirra og miðlun, nýjan skjalaskrárgrunn Þjóðskjalasafns, sameiginlega stefnumótun hinna opinberu skjalasafna, stöðu og framtíð rafrænnar skjalavörslu, frumvarp til laga um opinber skjalasöfn og skönnunar- og skráningarverkefni Þjóðskjalasafns.

Sýningar

Safnið tók þátt í sýningu til heiðurs Tryggva Þorsteinsyni, skólastjóra og skátahöfðinga sem hefði orðið 100 ára þann 24. apríl. Skátar á Akureyri settu upp sýninguna í anddyri Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns. Héraðsskjalasafnið geymir allstórt safn af skjölum frá skátafélögum á Akureyri og úr því voru valin nokkur skjöl sem tengjast Tryggva til að hafa á sýningunni. Má þar t.d. nefna vatnslitaeikningar, handskrifaðar vinnubækur o.fl.

Norræni skjaladagurinn, árlegur kynningardagur skjalasafna á Norðurlöndum var laugardaginn 12. nóvember og þetta árið var þema dagsins „Verslun og viðskipti“. Héraðsskjalasafnið setti upp sýningu af þessu tilefni, og stóð hún dagana 14. nóvember – 3. desember. Sýningin bar yfirskriftina „Manstu eftir búðinni?“ Fundin voru nöfn á verslunum sem starfræktar höfðu verið á Akureyri allt frá lokum einokunartímans til ársins 1980 og þær staðsettar í hús. Um var að ræða gríðarlegan fjölda verslana og var því engan veginn hægt að gera þeim öllum full skil. Því var einnig leitað til almennings um viðbótarupplýsingar. Sýningin vakti mikla athygli og var hún síðan lánuð og sett upp í Bókasafni Eyjafjarðarsveitar og í Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.



*Kjörbúð KEA í Grænumýri 9,
Mynd úr sýningunni “Manstu eftir búðinni?”*

Skjöl afhent Héraðsskjalasafninu á Akureyri árið 2011

Fremst í skránni sem hér fer á eftir er afhendingarnúmer, þá fylgir heiti skjalasafns, eða uppruni skjalanna og árábil sem skjölin ná yfir, því næst hver afhenti og hversu margir hillimetrar voru afhentir. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins og á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

1. FORELDRAFÉLAG GLERÁRSKÓLA 1999-2003 - Anna Birna Sæmunds-dóttir afhenti 0,07 hm.
2. LJÓÐASAMKEPPNI MENNINGARMÁLANEFNDAR AKUREYRARBÆJAR 1989 - Sigrún Ingimarsdóttir afhenti frá Amtsbókasafni 0,03 hm.
3. KAUPFÉLAG EYFIRÐINGA 1934-1963 - Sigurður Jóhannesson afhenti 0,03 hm.
4. FERÐAFÉLAG AKUREYRAR/GESTABÓK AF VÍKURHNJÚKI 2003-2010 - Konráð Gunnarsson afhenti frá Litla Alpklúbbnum 0,03 hm.
5. SVEINBERG LAXDAL, TÚNSBERGI 1927-2003 - afhenti sjálfur 0,1 hm.
6. EINKASKJÖL FRÁ DAGVERÐARTUNGU 1928-1990 - Snjólaug Pálsdóttir, Akureyri afhenti 0,32 hm.
7. BETADEILD DELTA-KAPPA-GAMMA 1990-2008 - Ragnheiður Stefáns-dóttir afhenti 0,06 hm.
8. SVEINBERG LAXDAL, TÚNSBERGI 1955-2006 - afhenti sjálfur 0,25 hm.
9. MÖTUNEYTI Í SKÓLUM 1990-1996 - Brynhildur Pétursdóttir hjá Neytendasamtökunum afhenti 0,03 hm.
10. FJÁREIGENDAFÉLAG AKUREYRAR 1954-1977 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,03 hm.
11. VEIÐIFÉLAG HÖRGÁR 1984-2003 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,03 hm.
12. SAUÐFJÁRRÆKTARFÉLAG GLÆSIBÆJARHREPPS 1979-1995 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,03 hm.
13. RÆKTUNARSAMBAND GLÆSIBÆJAR-, SKRÍÐU- OG ÖXNADALSHREPPA 1948-1994 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,06 hm.
14. SÓKNARNEFND BÆGISÁRSÓKNAR 1958-2007 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,94 hm.
15. SÓKNARNEFND BAKKASÓKNAR 1909-2007 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,44 hm.
16. SÓKNARNEFND GLÆSIBÆJARSÓKNAR 1987-2007 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,5 hm.
17. SÓKNARNEFND MÖÐRUVALLAKLAUSTURSSÓKNAR 2003-2009 - Guðmundur Víkingsson, Garðshorni afhenti 0,52 hm.
18. JÓN SIGFÚSSON, AKUREYRI 1942-1972 - afhenti sjálfur 0,03 hm.

19. LOVISA PÉTURSDÓTTIR OG JÓN SVEINBJÖRNSSON 1918-1977 - Guðrún og Sólveig Erlendsdætur, Akureyri afhentu 0,62 hm.
20. KARL BJARNI JÓNSSON 1947-1982 - Guðrún og Sólveig Erlendsdætur, Akureyri afhentu 0,2 hm.
21. AMTSBÓKASAFN: STÖRF ÖRYGGISTRÚNAÐARMANNA 1992 - Hólmkell Hreinsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
22. ARNARNESHREPPUR OG HJALTEYRARSKÓLI 1910-1994 - Jóhannes Hermannsson, Hjalteyri afhenti 0,5 hm.
23. ÖLDRUNARHEIMILI AKUREYRAR: SJÚKRASKRÁR LÁTINNA ÁRIÐ 2010 - Helga Erlingsdóttir, Akureyri afhenti 2 hm.
24. SUNDFÉLAGIÐ ÓÐINN 1977-1989 - Halla Björk Garðarsdóttir, Akureyri afhenti 0,09 hm.
25. AKUREYRARBÆR: KJÖRSKRÁR VEGNA ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU 9. APRÍL 2011 - Brynja Pálsdóttir, Akureyri afhenti 0,35 hm.
26. FASTEIGNASKRÁ Á AKUREYRI - Björn Magnússon, Akureyri afhenti 3,75 hm.
27. GLERÁRSKÓLI 1968-1988 - Úlfar Björnsson, Akureyri afhenti 0,17 hm.
28. KIRKJUKÓR MUNKABVERÁR- OG KAUPANGSSÓKNA 1984-2001 - Emilía Baldursdóttir, Syðra-Hóli afhenti 0,03 hm.
29. SAURBÆJARHREPPUR 1928-1978 - Gunnar Jónsson fyrir Sigurð Jósefsson, Akureyri afhenti 0,3 hm.
30. TAFLFÉLAGIÐ PEÐIÐ 1959-1974 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
31. JÓN DANÍELSSON, SELLANDI 1916-1936 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
32. SAURBÆJARHREPPUR: MINNINGARSJÓÐUR ÁRGERÐISFÓLKSINS, RAFORKUSJÓÐUR O.FL. 1924-1991 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,3 hm.
33. SKÓGRÆKTARFÉLAG SAURBÆJARHREPPS 1969-1974 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
34. BINDINDISFÉLAGIÐ DALBÚINN 1944-1976 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,10 hm.
35. TRYGGVI ÞORSTEINSSON: TRYGGVASÖNGVAR 2011 - Hrefna Hjálmarsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
36. INNER WHEEL Á AKUREYRI - Guðbjörg Sigurðardóttir, Akureyri afhenti 0,25 hm.
37. GESTABÆKUR AF SÚLUM 2001-2006 - Stefán Jónasson, Akureyri afhenti 0,05 hm.
38. AMTSBÓKASAFN /NÝBYGGING 1992-1998 - Magnús Garðarsson, Akureyri afhenti 0,12 hm.
39. SIGURÐUR GUÐJÓNSSON, BÆJARFÓGETI Á ÓLAFSFIRÐI OG AGLA SIGURÐARDÓTTIR 1949-2010 - Agla Sigurðardóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.

40. AKUREYRARBÆR: ÁRSREIKNINGUR AKUREYRARBÆJAR 2010 - Afhent frá bæjarskrifstofu 0,03 hm.
41. HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILÍÐ HLIÐ 1962-1990 - Halldór Pétursson, Akureyri afhenti 2,3 hm.
42. AK VIKUBLAÐ OG AK, ÚTG. FJÖLMYND EHF, AKUREYRI 1986-2001 - Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri afhenti frá Amtsbókasafni 0,06 hm.
43. AKUREYRARTÍÐINDI, ÚTG. GÓÐ TÍÐINDI H.F. 1986 - Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri afhenti frá Amtsbókasafni 0,03 hm.
44. KVENFÉLAG SVALBARÐSSTRANDAR 1901-1989 - Anna María Snorradóttir, Svalbarðseyri afhenti 0,09 hm.
45. SÓKNARNEFND SVALBARÐSKIRKJU 1847-1973 - Anna María Snorradóttir, Svalbarðseyri afhenti 0,10 hm.
46. SKÁTAFÉLAG AKUREYRAR: FÁLKAFELL; GUNNAR GUÐLAUGSSON - Þorsteinn Pétursson Akureyri afhenti 0,03 hm.
47. STYRKARTARSJÓÐUR ÖNGULSSTAÐAHREPPS 1895-1938 - Stefán J. Árnason, Eyjafjarðarsveit afhenti 0,03hm.
48. LEIFUR TÓMASSON OG FJÖLSKYLDA, AKUREYRI 1953-1964 - Þóra Leifsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
49. BREKKUSKÓLI: LEIKRITASAFN 1938-1967 - Sigríður Hlökkversdóttir, Akureyri afhenti 0,15 hm.
50. ÓLAFUR ÁGÚSTSSON, HÚSGAGNASMÍÐAMEISTARI OG FJÖLSKYLDA 1906-1963 - Ólafur Ágústsson, Akureyri afhenti 0,08 hm.
51. SKÓGRÆKTARFÉLAG EYFIRÐINGA 1989-2004 - Bergsveinn Þórsson, Akureyri afhenti 0,31 hm.
52. EYJAFJARÐARSVEIT: HRAFNAGILSHREPPUR, SAURBÆJARHREPPUR, ÖNGULSSTAÐAHREPPUR - Þorný Barðadóttir afhenti 16,5 hm.
53. GESTABÓK FYRIR SYÐRI-SÚLU 2006-2011 - Kári Árnason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
54. SKÁKFÉLAG HÖRGDÆLA - Ingimar Friðfinnsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
55. GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON OG VILBORG GUÐMUNDSDÓTTIR, AKUREYRI 1907-1962 - Þórhalla Laufey Guðmundsdóttir, Akureyri afhenti 0,07 hm.
56. GUNNAR SÓLNES OG JÓN G. SÓLNES, AKUREYRI 1941-1979 - Gunnar Sólness afhenti 0,03 hm.
57. ÍBRÓTTAKENNADEILD NORÐ-AUSTURLANDS 1973-1986 - Ragnheiður Stefánsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
58. RAGNHEIÐUR ÁRNADÓTTIR OG JÓHANN SNORRASON, AKUREYRI 1927 -1980 - Ragnheiður Thelma Snorradóttir, Akureyri afhenti 0,15 hm.
59. BJÖRN PÉTURSSON, HAFNARFIRÐI: ÆTTFRÆDISAFN Á ESPOLIN-FORMI - afhenti sjálfur 0,03 hm.
60. BINDINDISFÉLAGIÐ DALBÚINN 1934-1977 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.

61. GUNNAR JÓNSSON, AKUREYRI: GREIN UM PÁLMA KRISTJÁNSSON KENNARA 2007 - Gunnar Jónsson afhenti 0,03 hm.
62. SÖKNARNEFNDIR Í SAURBÆJARHREPPÍ 1953-1991 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti fyrir Sigurð Jósefsson frá Torfufelli 0,05 hm.
63. SKÓGRÆKTARSJÓÐUR/SKÓGRÆKTARFÉLAG SAURBÆJARHREPPS 1945-1975 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti fyrir Sigurð Jósefsson frá Torfufelli 0,05 hm.
64. AMTSBÓKASAFN: ÁRSSKÝRSLUR, SAFNAUKASKRÁR, BÆKLINGAR OG HANDRIT ÚR BÓKAGJÓFUM. - Amtsbókasafn afhenti 0,08 hm.
65. SR SIGURÐUR GUÐMUNDSSON, VÍGSLUBISKUP - Ragnheiður Sigurðardóttir, Akureyri afhenti 0,9 hm.
66. SAURBÆJARHREPPUR: KRISTÍNARSJÓÐUR, JÖRÐIN SAURBÆR, EYJAFJARÐARÁ, BÚNAÐARFÉLÖG - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti fyrir Sigurð Jósefsson frá Torfufelli 0,03 hm.
67. SAURBÆJARHREPPUR: SJÓÐBÓK 1967-1974 - Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
68. SR. BENJAMÍN KRISTJÁNSSON 1917-1972 - Þóra Björk Kristinsdóttir, Akranesi afhenti 1,2 hm.
69. AÞÝÐUSAMBAND NORÐURLANDS 1961-1996 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,2 hm.
70. VERKAVENNAFÉLAGIÐ BRYNJA 1939-1966 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,25 hm.
71. VERKALÝÐS OG SJÓMANNAFÉLAG ÓLAFSFIJARÐAR 1933-1993 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,12 hm.
72. VERKALÝÐSFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR 1952-1962 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
73. VERSLUNARMANNAFÉLAG SIGLUFJARÐAR 1949-1977 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
74. VERKAMANNAFÉLAG AKUREYRAR 1914-1921 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
75. VERKAMANNAFÉLAG AKUREYRARKAUPSTAÐAR 1943-1963 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,04 hm.
76. FRAMKVÆMDANEFND VERKALÝÐSFÉLAGANNA UM BYGGINGU ALÞÝÐUHÚSSINS VIÐ SKIPAGÖTU 1983-1986 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 1,7 hm.
77. HÚSFÉLAG ALÞÝÐUHÚSSINS VIÐ SKIPAGÖTU 1990-2000 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,55 hm.
78. PÁLL HELGASON, AKUREYRI - Hólmfríður Andersdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
79. VINNUVEITENDAFÉLAG AKUREYRAR 1915-1942 - Kristín Jónasdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
80. MONIKA M. STEFÁNSDÓTTIR, AKUREYRI: GRÍMSEY Í NÝJU LJÓSI: UNDIRBÚNINGSVINNA FYRIR SÖGUSÝNINGU Í GRÍMSEY - Monika

- Margrét Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
81. PÁLL FRÍÐFINNSSON, BYGGINGAMEISTARI AKUREYRI: HÚSATEIKNINGAR OG BJÖRK HF 1942-1970 - Ólöf Jóhanna Pálsdóttir, Akureyri afhenti 0,55 hm.
 82. UNDIRKJÖRSTJÓRN Í GRÍMSEYJARHREPPI 1904-2009 - Brynja Pálsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
 83. SLÖKKVILIÐ AKUREYRAR - Helga Ósk Lúðvíksdóttir, Akureyri afhenti 13,3 hm.
 84. AKUREYRARBÆR: FÁNAR - Hermann Sigtryggsson, Akureyri afhenti 0,3 hm.
 85. ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞÓR 1991-2005 - Páll Jóhannesson, Akureyri afhenti 0,25 hm.
 86. SIGURGEIR JÓNSSON, SÖNGKENNARI AKUREYRI - Hörður Geirsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
 87. ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON, BYGGINGAMEISTARI AKUREYRI 1937-1944 - Hörður Geirsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
 88. VALGARÐUR FRÍMANN, AKUREYRI 1978-1980 - Hörður Geirsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
 89. SESSELJA JÓNATANSDÓTTIR, BREIÐABÓLI 1920-1950 - Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, Akureyri afhenti 0,1 hm.
 90. BRÉF BJÖRGVINS GUÐMUNDSSONAR TÓNSKÁLDS TIL VIGFÚSAR GUTTORMSSONAR, SKÁLDS Í MANITOBA 1926-1928 - Bjarki Sveinbjörnsson, Reykjavík afhenti 0,03 hm.
 91. HÚSMÆDRASKÓLINN Á LAUGALANDI 1935-1967 - Þorsteinn Pétursson, Akureyri afhenti frá Sýslumanninum á Akureyri 0,35 hm.
 92. GUÐMUNDUR VALDIMARSSON, BYGGINGAMEISTARI AKUREYRI 1861-1992 - Þórunna Þórðardóttir, Akureyri afhenti 0,15 hm.
 93. LEIKFÉLAG AKUREYRAR: LEIKSKRÁR 1946-1976 - Kristín Jóhannesdóttir, Sauðárkróki afhenti 0,03 hm.
 94. HELGA GUÐRÚN ERLINGSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR AKUREYRI: SJÚKRASKRÁR 2002-2004 - afhenti sjálf 0,05 hm.
 95. INNER WEEL, AKUREYRI 1975-2010 - Hermann Sigtryggsson, Akureyri afhenti 0,3 hm.
 96. TRYGGVI GUNNARSSON; SKIPASMÍÐASTÖÐ KEA; GUNNAR JÓNSSON: SKIPATEIKNINGAR 1940-1977 - Stella Sigurgeirsdóttir, Akureyri afhenti 0,3 hm.
 97. KONRÁÐ VILHJÁLMSOON 1853-1933 - Hildur Gísladóttir, Akureyri afhenti 0,23 hm.
 98. AKUREYRARBÆR: AÐALSKIPULAG (1926) - Sædís Gunnarsdóttir, Akureyri afhenti 1,0 hm.
 99. NEFNDIR Á VEGUM EYJAFJARÐARSÝSLU OG AKUREYRARBÆJAR 1918-1962 - Þorsteinn Pétursson, Akureyri afhenti frá Sýslumanninum á Akureyri 0,2 hm.

100. BREKKUSKÓLI: MYNDBANDSSPÓLUR MEÐ MYNDUM ÚR SKÓLASTARFI 1989-2000 - Sigríður Hlökkversdóttir, Akureyri afhenti 0,3 hm.
101. HÚSFÉLAG ALÞÝÐUHÚSSINS VIÐ SKIPAGÖTU OG VEITINGASTAÐURINN SVARTFUGL 1982-2005 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,4 hm.
102. EINING – IÐJA: FÉLAGATÖL VERKALÝÐSFÉLAGA 1940-1999 - Þorsteinn Arnórsson, Akureyri afhenti 0,5 hm.
103. INGIBJÖRG BJARNADÓTTIR, GNÚPUFELLI: GREIN UM BENEDIKT EINARSON BÓNDA Á HÁLSI Í SAURBÆJARHREPPI ÁSAMT NOKKRUM LÖGUM EFTIR HANN - Ingibjörg Bjarnadóttir afhenti 0,03 hm.
104. BALDUR EIRÍKSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SIGLUFIRÐI: NÓTUR AÐ LÖGUM EFTIR BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON 1928-1939 - Anna Þóra Baldursdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.

Rekstrarreikningur Héraðsskjalasafnsins á Akureyri 2011

| | | |
|----|--------------------------------------|----------------------------|
| 40 | Tekjur - Framlag ríkis | 506.667cr |
| 40 | Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar | 4.258.527cr |
| 40 | Seld þjónusta | 4.625cr |
| 40 | Vörusala | 70.215cr |
| 51 | Launakostnaður/starfsmannakostnaður | 12.178.823.- |
| 52 | Vörukaup, rafmagn og hiti | 1.658.781.- |
| 54 | Húsaleiga/lausafjárleiga | 21.284.039.- |
| 54 | Önnur þjónustukaup/ræsting | 1.702.556.- |
| | <u>Samtals:</u> | <u>31.984.165.-</u> |

